

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 363/1996.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Ellert K. Alexanderssyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Vátrygging. Samningsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1996 og krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málsaðilar leggja báðir til grundvallar, að ákvæðin um rangar upplýsingar við samningsgerð í lögum nr. 20/1954 um vátryggingar-samninga eigi við um sakarefnið, þótt málsatvik varði upplýsingar af hálfu sjúkratryggðs sjálfs, en ekki vátryggingartaka, sem var Vatnsskarð hf.

Svo sem greinir í héraðsdómi, ber áfrýjandi fyrir sig, að stefndi hafi glatað rétti til vátryggingarbóta með því að veita ekki réttar upplýsingar og láta hjá líða að gefa upplýsingar, þegar hann svaraði skriflega spurningum, sem lagðar voru fyrir hann 16. júlí 1991. Reisir stefndi þessar mótbárur sínar á 6. og 7. gr. laga nr. 20/1954.

Með skírskotun til röksemda héraðsdóms er fallist á, að stefndi hafi hvorki vitað né mátt vita, að upplýsingar, sem hann veitti, voru rangar. Getur áfrýjandi því ekki borið fyrir sig 6. gr. laga nr. 20/1954.

Stefndi lét hjá líða að skýra frá því, að hann hefði haft verki í baki og leitað til lækna vegna þeirra, áður en hann svaraði spurningunum 16. júlí 1991. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að það verði metið stórkostlegt gáleysi. Verður sýknukrafa áfrýjanda því ekki heldur studd við 7. gr. laga nr. 20/1954.

II.

Af gögnum málsins verður ráðið, að lögmaður stefnda hafi séð um kröfugerð fyrir hans hönd á hendur áfrýjanda frá því á árinu 1992, en 25. júní það ár óskar lögmaðurinn upplýsinga hjá Jóni Þorsteinssyni lækni um sjúkdóm og óvinnufærni stefnda. Lögmaðurinn ritar einnig heimilislækni stefnda bréf 25. ágúst 1992 og óskar eftir læknisvottorði. Í vottorði heimilislæknis 2. september 1992 og vottorðum Jóns Þorsteinssonar læknis 12. og 13. janúar 1993 kemur ekkert fram, sem bendir til þess, að stefndi hafi áður verið bakveikur. Hinn 2. september 1992 tilkynnir lögmaðurinn áfrýjanda, að stefndi hafi verið óvinnufær vegna sjúkdóms frá ársbyrjun 1992. Í málinu er ekki að finna yfirlit um greiðslur áfrýjanda til stefnda, en í héraðsdómi segir frá því, að áfrýjandi greiddi honum dagpeninga eftir skilmálum váttryggingarinnar til 30. júní 1993, en hætti þá greiðslum. Áfrýjandi greiddi stefnda ekki bætur fyrir varanlega örorku, en læknisfræðileg örorka stefnda var ekki metin fyrr en í desember 1994.

Stefndi heldur fram, að með því að borga dagpeninga hafi áfrýjandi í reynd viðurkennt greiðsluskyldu sína. Ekki verður talið, að áðurgreindar dagpeningagreiðslur girði fyrir rétt áfrýjanda til að synja um frekari greiðslur váttryggingarfjár, ef fram koma nýjar upplýsingar, er sýni, að félagið hafi í grandleysi greitt bætur vegna váttryggingaratburðar, sem váttryggingin tekur ekki til.

III.

Áfrýjandi ber einnig fyrir sig undanþáguákvæði í 22. gr. skilmála fyrir sjúkra- og slysáttryggingu stefnda. Er ákvæðið þess efnis, að váttryggingin taki ekki til sjúkdóms, sem „fyrst hafði sýnt einkenni, áður en váttryggingin gekk í gildi, nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það“.

Kröfur stefnda um váttryggingarfé eru, eins og fram kemur í héraðsdómi, reistar á því, að hann hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku af giktarsjúkdómi, sem nefndur er hryggikt. Það er álit héraðsdóms, er skipaður var meðdómendum, sem báðir eru læknar, að stefndi hafi verið haldinn hryggikt þegar árið 1988. Óumdeilt er, að starfsmenn áfrýjanda hvorki vissu né máttu vita um sjúkdóminn, fyrr en eftir að samningur var gerður um sjúkra- og slysáttryggingu

stefnda og hann veitti upplýsingar um heilsufar sitt 16. júlí 1991. Málátílbúnaður áfrýjanda verður skilinn þannig, að hann reisi varnir sínar á því, að hann hefði ekki veitt váttrygginguna, ef honum hefði verið kunnugt um, að stefndi væri haldinn hryggikt. Við meðferð málsins hefur stefndi ekki dregið í efa, að váttrygging hefði ekki fengist gegn þessum sjúkdómi, ef vitneskja um hann hefði verið til tæk á þeim tíma, sem hér um ræðir. Samkvæmt orðum 22. gr. váttryggingarskilmálanna tekur váttryggingin því ekki til sjúkdóms stefnda.

Það er meginregla, að aðilum váttryggingarsamnings er frjálst að semja um efni hans, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1954. Í samræmi við það er váttryggjanda almennt heimilt með ákvæði í samningi að takmarka þá áhættu, sem hann tekur að sér með váttryggingu. Ýmis ákvæði laga nr. 20/1954 setja þó frelsi þessu skorður.

Í 4. – 10. gr. laganna eru ýtarlegar reglur um skyldu váttryggingartaka til að veita upplýsingar við samningsgerð. Samkvæmt þeim er meginreglan sú, að félagið er skuldbundið svo sem réttar upplýsingar hafi verið gefnar, ef váttryggingartaki var grandlaus, þegar hann veitti upplýsingar. Reglur þessar eru flestar ófrávíkjanlegar, þannig, að váttryggingafélagi er óheimilt að áskilja sér betri rétt gagnvart váttryggingartaka eða váttryggðum en greint er í lögnum.

Enginn vafi leikur á, að ófrávíkjanlegum reglum í lagagreinum þessum verður beitt um váttryggingarskilyrði, sem að formi til eru takmörkun á váttryggingarvernd, ef þau varða í reynd upplýsingaskyldu váttryggingartaka. Hins vegar getur verið álitamál, hvar mörk samningsfrelsisins verði dregin í þessu efni. Á það sérstaklega við um gildi samningsákvæða, er undanþiggja félagið skilyrðislaust ábyrgð vegna atvika, sem snerta áhættu félagsins og váttryggingartaki getur veitt upplýsingar um. Talið hefur verið, að beita verði ófrávíkjanlegum reglum laga nr. 20/1954, ef félagið setur það skilyrði fyrir greiðsluskyldu sinni, að um sé að ræða tiltekin atvik, sem það getur aflað upplýsinga um hjá váttryggingartaka. Þess vegna verði slíku samningsákvæði vikið til hliðar með skírskotun til hinna ófrávíkjanlegu reglna, þótt ákvæðið sé orðað þannig, að félagið takmarki áhættu sína án tillits til huglægrar afstöðu þess, sem veitir upplýsingar við samningsgerð.

Í umræddri 22. gr. váttryggingarskilmálanna undanþiggur áfrýjandi sig aðeins ábyrgð á afleiðingum sjúkdóms, sem félagið vissi ekki um. Virðist samningsákvæði þetta sett með þau tilvik ein í huga, að veittar séu rangar eða ófullkomnar upplýsingar. Ákvæðið lýtur ekki að öllum sjúkdómum, sem váttryggður kann að hafa verið haldinn, áður en ábyrgð félagsins hófst, heldur einungis sjúkdómum, sem höfðu valdið einkennum, er þá höfðu komið fram. Ákvæðið virðist því að þessu leyti eingöngu beinast að óvissu, sem bætt verður úr með því að afla nánari upplýsinga um heilsufar váttryggðs. Þótt í skirteinisákvæðinu felist að forminu til hlutlæg takmörkun á þeirri áhættu, sem váttryggingin tekur til, yrði því vikið til hliðar með þeim rökum, að það bryti í bága við 7. gr. laga um váttryggingarsamninga, sem lýst er ófrávikjanleg í 1. mgr. 10. gr. laganna.

Hins vegar er á það að líta, að í málátillbúnaði stefnda í héraði er ekki vikið að því, að ófrávikjanlegar reglur laga nr. 20/1954 girði fyrir, að áfrýjandi geti borið fyrir sig greint undanþáguákvæði í 22. gr. váttryggingarskilmálanna. Í greinargerð stefnda fyrir Hæstarétti segir ekki annað um undanþáguákvæðið en að orðalag þess, sem ekki hafi verið sérstaklega kynnt váttryggingartaka eða stefnda, verði eigi túlkað svo rúmt, að félagið geti undanskilið sig bótaskyldu vegna sjúkdóms stefnda. Stefndi styður dómkröfur sínar ekki heldur við, að samningsákvæðinu verði vikið til hliðar samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að telja undanþáguákvæðið gilt í lögskiptum málsaðila.

Niðurstaða verður því sú, að óhjákvæmilegt er að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ellerts K. Alexanderssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. júlí 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júlí sl., er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, út gefinni 5. október 1995 og þingfestri 10. sama mánaðar.

Stefnandi er Ellert K. Alexandersson, kt. 300669-4769, Dúfnahólum 2, Reykjavík.

Stefndi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda örorkubætur, 3.286.822 kr., auk dráttarvaxta frá 30. september 1994 til greiðsludags. Enn fremur krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér dagpeninga, 4.646.438 kr., að frádregnum innborgunum inn á dagpeninga fyrir tímabilið 23. mars 1992 til 30. júní 1993, 2.091.937 kr., ásamt dráttarvöxtum af 2.554.501 kr. frá 30. september 1994 til greiðsludags. Loks krefst stefnandi málskostnaðar, sem taki mið af stefnufjárhæðum, að viðbættum virðisaukaskatti auk útlagðs kostnaðar skv. fram lögðum reikningum og vaxta á dæmdan málskostnað.

Stefndi krefst þess aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati réttarins. Til vara krefst stefndi, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik.

Stefnandi starfaði sem bifreiðarstjóri hjá Vatnsskarði hf. Keypti félagið tryggingu hjá stefnda fyrir starfsmenn sína, og var skírteini þar að lútandi gefið út 1. október 1990. Á þeim tíma starfaði stefnandi sem vörubílstjóri hjá Vatnsskarði hf.

Vorið 1991 samdi félagið um viðbótartryggingar fyrir starfsmenn sína. Veitti stefnandi þá skrifleg svör á til þess gerðu eyðublaði um heilsufar sitt, og er það dagsett 16. júlí 1991. M. a. svaraði stefnandi þeirri spurningu neitandi, hvort hann hefði sjúkdóm í beinum, liðum eða vöðvum, og enn fremur játaði hann þeirri spurningu, hvort hann væri fullkomlega heilsuhraustur og vinnufær.

Stefnandi segir, að vorið 1992 hafi hann greinst með sjúkdóminn hryggikt. Hafi hann um áramót 1991/1992 kennt sér meins í baki, sem hafi leitt til þess, að hann hafi í apríl 1992 verið sendur í læknisrannsókn og verið greindur með sjúkdóminn hryggikt. Skv. vottorði Jóns Þorsteinssonar, yfirlæknis lyflækningadeildar Landspítalans, dagsettu 13. janúar 1993, var stefnandi lagður inn á giktardeild Landspítalans 10. apríl 1992 til 16. apríl 1992 vegna bakverkja. Þar kemur fram, að hann hafi verið óvinnufær frá áramótum.

Á grundvelli þessa læknisvottorðs og vottorðs Sigurðar Sigurðssonar læknis og í samræmi við tryggingarskírteini greiddi stefndi stefnanda dagpeninga frá 23. mars 1992 til 30. júní 1993. Með bréfi, dagsettu 18. maí 1994, var greiðsluskyldu skv. framangreindri váttryggingu hafnað. Var það rökstutt með því, að skv. nýjum gögnum um stefnanda hefði hann verið kominn með einkenni um sjúkdóminn þegar árið 1988, þ. e., áður en váttryggingin gekk í gildi, en tryggingin náí ekki til fyrri sjúkdóma eða afleiðinga þeirra, nema upplýst hafi verið um þá við töku tryggingar, sbr. 22.1. gr. váttryggingarskilmála, en þar segir: „Váttryggingin nær ekki til: sjúkdóms, sem fyrst hafði sýnt einkenni, áður en váttryggingin gekk í gildi, nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.“ Stefndi taldi því forsendur brostnar fyrir frekari greiðslu dagpeninga vegna baksjúkdóms.

Fyrir liggur, að stefnandi leitaði til heimilislæknis árið 1988 vegna óþæginda í baki, og hafa verið lögð fram tvö læknisvottorð frá því ári, sem staðfesta, að stefnandi hafi þjáðst af bakverkjum það árið.

Með bréfi, dagsettu 9. júní 1994, óskaði stefnandi eftir því við stefnda, að hann endurskoðaði fyrrgreinda afstöðu sína. Því var hafnað með bréfi, dagsettu 7. júlí 1994.

Lögmaður stefnanda aflaði þeirrar staðfestingar Jóns Þorsteinssonar yfir læknis og Sigurðar Sigurðssonar læknis, að hvorki stefnandi né þeir hefðu vitað eða mátt vita, að hann væri haldinn hinum framangreinda sjúkdómi, er tryggingin var tekin í júlí 1991, og að það hafi ekki verið fyrr en á miðju ári 1992, sem það hefði komið í ljós.

Í vottorði Jóns Þorsteinssonar, sem er dagsett 27. október 1994, segir: „Ellert var lagður inn á lyflækningadeild Landspítalans 10. 4. 1992 vegna bakverkja. Í læknaþréfi segir, að hann eigi fjögurra til fimm ára sögu að baki, og er þá átt við það, að hann hafi fundið fyrir bakverkjum þennan tíma. Þetta voru bakverkjaköst, sem eru algeng hjá ungu fólki, og að hann hafi helst verið grunaður um brjóska. Hann hafði farið í röntgenmyndatökur, m. a. myelografiu, sem ekki leiddi neitt sjúklegt í ljós. Það var ekki fyrr en í þessari innlögn á lyflækningadeild Landspítalans í apríl 1992, að sjúkdómurinn spondylitis ankylopoietica var greindur með tölvusneiðmyndatöku.“ Í vottorði Sigurðar Sigurðssonar, sem einnig er dagsett 27. október 1994, segir: „Það vottast hér með, að undirritaður heimilislæknir Ellerts Alexanderssonar, kt. 300669-4769, hafði ekki grunsemdir um, að hann væri með hryggikt, fyrr en eftir rtg-myndatöku í febrúar 1992. Staðfesting á sjúkdómsgreiningu fékkst ekki fyrr en við rannsókn á Landspítala í apríl 1992, og þá fyrst vissi Ellert, um hvaða sjúkdóm var að ræða.“

Af hálfu stefnanda var einnig aflað örorkumats. Það vann Sigurjón Sigurðsson, og er matið dagsett 14. desember 1994. Í niðurlagi matsins segir m. a.: „Hér er um að ræða mann, sem hefur greinst með sjúkdóminn hryggikt (spondylitis ankylopoietica) og er í meðferð vegna þess. Sjúkdómur þessi greindist í apríl 1992 samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu. Áður fyrr, allt frá 1988, hafði hann verið með einkenni frá baki af og til og verið rannsakaður vegna þess, og var það alltaf greint sem lumbago eða sacroilitis, og vitna ég þá aftur til þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu. Hann er þegar í meðferð vegna þessa sjúkdóms, en þrátt fyrir það er hann illa haldinn af verkjum í dag og ekki að vænta bata, heldur er frekar, ef eitthvað er, um versnun að ræða. Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir því rétt að meta nú þá varanlegu örorku, sem Ellert hefur hlotið vegna sjúkdóms síns, spondylitis ankylopoietica eða hryggiktar, og þykir hún hæfilega metin 50% (fimmtíu prósent) varanleg örorka, v/afleiðinga sjúkdómsins.“

Stefnandi ritaði stefnda enn bréf 17. janúar 1995 og spurðist fyrir um það, hvort félagið væri reiðubúið til að leysa út örorkumatsgerðina til frekari skoðunar, og jafnframt, hvort afstaða félagsins gagnvart kröfugerð stefnanda hefði breyst vegna fyrrgreindra vottorða læknanna Jóns Þorsteinssonar og Sigurðar Sigurðssonar. Með bréfi, dagsettu 13. febrúar 1995, ítrekaði stefndi fyrri afstöðu.

Að beiðni stefnanda reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur á grundvelli örorkumatsins út höfuðstólsverðmæti tekjutaps stefnanda 1. janúar 1992 út frá launatekjum hans árin 1989, 1990 og 1991 skv. skattframtölum. Reyndist það vera 27.394.300 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 1.643.700 kr. Við útreikninginn var miðað við hefðbundnar forsendur um vexti og dánarlíkur, auk þess sem gerður er fyrirvari um, að hann byggðist á mati læknis um læknisfræðilega örorku, sem hafi í för með sér lækkun tekna um sama hundraðshluta.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi verið tryggður sjúkra- og slysatryggingu í apríl 1992, þegar í ljós hafi komið, að hann væri haldinn sjúkdómnum hryggikt. Hann vísar til tryggingarsamnings aðila og 5. og 10. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Áður en hann var greindur með hryggikt í apríl 1992, hafi hann fengið bakverki, svo sem títt sé um ungt fólk við álag. Læknir hafi kveðið upp úr um það, að ekki væri um að ræða neins konar sjúkdóm eða tilvik, sem skylt ætti við hryggikt. Langur tími hafi liðið milli þess, að stefnandi hafi kennt sér nokkurs bakverks, og aldrei hafi hann misst úr vinnu af þeim ástæðum.

Stefndi hafi greitt stefnanda dagpeninga úr sjúkratryggingu tímabilið 23. mars til 30. júní 1993. Þannig hafi stefndi viðurkennt bótaskyldu. Þegar stefndi hafi breytt afstöðu sinni og hafnað bótaskyldu með vísan til 22.1. gr. váttryggingarskilmála, hafi falist í því, að gert væri ráð fyrir, að stefnandi hefði verið með sjúkdóminn við gildistöku váttryggingar, annaðhvort árið 1990 eða 1991. Í vottorðum lækna Jóns Þorsteinssonar og Sigurðar Sigurðssonar frá 28. október 1994 komi hins vegar afdráttarlaust fram, að ekki hafi verið vitað um sjúklegt ástand stefnanda fyrr en í apríl 1992, og jafnframt komi ekki til greina, að stefnanda hafi getað verið kunnugt, að um hryggikt væri að ræða, fyrr en í apríl 1992.

Stefnandi telur, að stefndi beri sönnunarbyrði um, að þau tilvik, sem um ræði í 22.1. gr. váttryggingarskilmála, eigi hér við. Stefndi sé tryggingafélag, sem reki starfsemi gagngert til að tryggja váttryggða fyrir áföllum. Gera verði strangar kröfur um sönnun ástæðna, sem eigi að leiða til þess, að stefndi verði leystur undan bótaskyldu. Stefndi hafi verið látinn fylla út eyðublað, sem stefndi hafi sjálfur útbúið, og svara fram settum spurningum. Stefndi hafi gert það eftir bestu samvisku. Til að telja, að stefnandi hafi verið veikur, er váttryggingin gekk í gildi, verði að liggja gild rök og sannanir, en sú sé ekki raunin í þessu máli. Gera verði þá kröfu til váttryggingafélaga, að þau láti sjálf fara fram lækniþessun á vegum trúnaðarlækni eða annarra á váttryggðum, þegar trygging er tekin. Það hafi ekki verið gert. Stefndi hefði átt að hafa sömu varúðarráðstafanir og þegar keyptar séu líftryggingar hjá honum, þ. e., að fyrir liggi lækniþessun um heilsufarsástand tryggingartaka frá heimilislækni eða trúnaðarlækni stefnda. Hvorki sé unnt að kaupa nú hjá stefnda líftryggingu né sjúkratryggingu, nema fyrir liggi lækniþessun umsögn eða vottorð frá trúnaðarlækni viðkomandi tryggingafélags eða heimilislækni. Stefndi verði að bera hallann af því að hafa ekki gætt þess að láta fara fram lækniþessun á stefnanda. Sjúkra- og slysa-tryggingarskilmálar félagsins hafi aldrei verið kynntir stefnanda sérstaklega né vinnuveitanda hans, sem tók trygginguna.

Stefndi segir, að skv. tryggingarskilmálum skuli greiða allt að 6.294.575 kr. í örorkubætur vegna slyss, og hið sama eigi við vegna sjúkdóms. Vikulegar bætur vegna sjúkdóms eða slyss nemi 31.473 kr. Í ljósi þess, að stefndi hafi verið metinn 50% varanlegur öryrki af Sigurjóni Sigurðssyni lækni, sé höfð uppi annars vegar krafa, sem nemi helmingi örorkubóta vegna sjúkdóms auk verðbóta af upphaflegri tryggingarfjárhæð, þ. e. 3.286.822 kr., auk dráttarvaxta frá 30. september 1994 til greiðsludags, og hins vegar gerð krafa um greiðslu dagpeninga, 4.646.438 kr., að frádregnum innborgunum inn á dagpeninga fyrir tímabilið 23. mars 1992 til 30. júní

1993, 2.091.937 kr., að viðbættum dráttarvöxtum af 2.554.501 kr. frá 30. september 1994 til greiðsludags.

Kröfufjárhæð sé þannig reiknuð út, að 30. september 1993 hafi örorkubótafjárhæð skv. váttryggingarskírteini numið 6.573.644 kr., sbr. bréf lögmanns stefnda, dagsett 23. ágúst 1995. Skv. 11. tl. váttryggingarskilmála beri váttryggingarfjárhæð vísitölutryggingu, og sé það áréttað í 12. gr. þeirra. Í skilmálunum sé þó sá fyrirvari, að vísitölubinding örorkubóta vari þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils. Stefndi hafi valið að miða við 30. september 1994 og gera kröfu um örorkubætur miðaða við örorkubótafjárhæð að viðbættum verðbótum þann dag í samræmi við fyrrgreint bréf lögmanns stefnda. Krafa sé gerð um dráttarvexti frá þeim degi, enda sé ljóst, að afstaða stefnda hafi verið ótvíræð á þeim tíma, þ. e. stefndi hafi hafnað bótaskyldu.

Krafa um greiðslu dagpeninga sé reist á sömu forsendum. Í fyrrgreindu bréfi lögmanns stefnda komi fram, að dagpeningar á viku hafi 30. september 1993 verið 23.868 kr. Uppgjör hafi farið fram á greiðslum dagpeninga tímabilið 23. mars 1992 til 30. júní 1993 með greiðslu 2.091.937 kr., en skv. váttryggingarskírteini hafi átt að greiða dagpeninga í 144 vikur, en biðtími verið 12 vikur. Dagpeningar í 144 vikur nemi 4.646.438 kr., sem sé stefnukrafa í máli þessu.

Málsástæður stefnda.

Stefndi heldur því fram, að þegar samið var um sjúkra- og slysáttrygginguna, hafi stefndi verið með hryggigt, en stefndi hafi leynt stefnda því, að hann væri veill í baki, þegar hann svaraði þeim skriflegu spurningum, sem stefndi lagði fyrir hann 16. júlí 1991. Stefndi hafi svarað því neitandi, að hann hefði sjúkdóma í beinum, liðum eða vöðvum. Enn fremur segi í undirritaðri yfirlýsingu stefnda: „Undirritaður (-uð) vottar hér með, að svör mín við framangreindum spurningum eru samkvæmt bestu vitund rétt og sannleikanum samkvæm og að þar eru ekki undanskilin atriði, er kynnu að skipta máli við mat áhættunnar. Mér er ljóst, að váttryggingin nær ekki til fyrri sjúkdóma eða afleiðinga þeirra, nema þeirra hafi verið getið í svörum við ofangreindum spurningum. . . “. Stefndi vísar til 6. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, en þar sé átt við gáleysi við upplýsingagjöf. Enn fremur vísar stefndi til 7. gr. sömu laga.

Stefndi segir það liggja fyrir, að stefndi hafi oft leitað til lækna vegna þráláttra og slæmra verkja. Verkjaköst þessi hafi getað verið stöðug í tvær til þrjár vikur, og hafi stefndi jafnvel verið lagður inn til rannsóknar á Borgarspítalanum vegna þessa. Stefndi hafi því borið við töku tryggingarinnar að greina stefnda frá þessum bakverkjum. Stefndi hefði ekki veitt

stefnanda sjúkra- og slysátryggingu, hefðu þessar upplýsingar legið fyrir, þegar váttryggingar var óskað. Það skipti engu, þótt stefnandi eða aðrir hafi talið, að stefnandi liði af „vaxtarverkjum“. Í váttryggingarskilmálunum segir: „Váttryggingin nær ekki til: 22.1. sjúkdóms, sem fyrst hafði sýnt einkenni, áður en váttryggingin gekk í gildi, nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.“ Í vottorði Torfa Magnússonar, dagsettu 10. ágúst 1988, komi fram, að rannsóknir hafi leitt í ljós „sacroiliitis“ í vinstri spjaldlið, en þessi sjúkdómseinkenni séu hluti af því, sem kallað sé „spondylitis ankylopoietica“ eða hryggikt. Því sé ljóst að stefnandi hafi verið kominn með einkenni sjúkdómsins fyrir 16. júlí 1991.

Niðurstaða.

Það er álit dómsins, að stefnandi hafi verið haldinn hryggikt þegar árið 1988, svo sem læknisvottorð í málinu bera með sér, einkum bréf Árna Tómasar Ragnarssonar, dagsett 10. ágúst 1988.

Fyrir liggur vottorð frá heimilislækni stefnanda, Sigurði Sigurðssyni, dagsett 27. október 1994. Þar kemur fram, að læknirinn hafði ekki grunsemdir um, að stefnandi væri með hryggikt, fyrr en eftir röntgenmyndatöku 1992. Þá er þess að geta, að ekki verður séð, að fyrrgreint læknabréf Árna Tómasar Ragnarssonar hafi borist heimilislækninum.

Frá árinu 1988 til 1992 virðist stefnandi ekki hafa haft mikil einkenni frá baki. Hann stundaði fulla vinnu við stjórn vinnuvéla og vörubíreiða og var því í þungu starfi fyrir stoðkerfi líkamans. Hann var lagður inn á Borgarspítalann til skuggaefnismyndatöku á mænu (myelografiu) í nóvember 1990. Í læknabréfi frá Borgarspítalanum, dagsettu 23. nóvember 1990, kemur fram, að þessi rannsókn var gerð til þess að útiloka ættgenga æxlismyndun við mænu. Við innlögn var hann sagður hafa verið góður í baki undanfarna mánuði. Greining eftir innlögn var lumbago (ósértækir verkir í baki). Á þessum tíma voru verkir stefnanda taldir stafa frá vinnu og álagi tengdu starfi hans, sbr. bréf Jóns Þorsteinssonar læknis, dagsett 27. október 1994.

Þegar stefnandi undirritaði yfirlýsingu um heilsufar sitt 16. júlí 1991, var hann þannig ekki haldinn neinum sjúkdómi í stoðkerfi, svo að hann mætti vita. Þegar hann var spurður, hvort hann hefði sjúkdóm í beinum, liðum eða vöðvum, svaraði hann því neitandi.

Þá er til þess að líta, að f-liður spurningarinnar í 3. tölulið er þannig orðaður, að stefnandi mátti gera ráð fyrir því, að einungis væri spurt um sjúkdóma, en ekki einkenni, og það, að hann hafði leitað til lækna vegna ein-kenna frá baki, skiptir ekki máli hér.

Skv. 7. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 er það skilyrði fyrir því, að ábyrgð stefnanda falli niður, að stefnandi hafi sýnt stórkostlegt gá-

leysi við upplýsingagjöf þessa. Ekki er fallist á, að skilyrði þessu sé fullnægt, og verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 600.000 krónur, og er þá ekki litið til virðisaukaskatts, en hins vegar til útlagðs kostnaðar stefnanda.

D ó m s o r ð:

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. greiði stefnanda, Ellert K. Alexanderssyni, 5.841.323 krónur auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá 30. september 1994 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.
